

Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 30. apríl 2018  
UST201803-356/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025 - breytt lega Ásvallabrautar - tengingar við Kaldárselsveg**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar er barst 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025, breytt lega Ásvallabrautar og tengingar við Kaldárselsveg.

**Markmið**

Í greinargerð kemur fram að markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að tengja saman Vallahverfi, Ásahverfi og áætlaða byggð beggja vegna Ásvallabrautar, með tveggja akreina vegi, Ásvallabraut - við Kaldárselsveg og Reykjanesbraut.

**Hljóðvist**

Í umfjöllun um hljóðvist í greinargerð kemur fram að verði engar forvarnir, muni hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi verða fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer hljóðvist yfir mörkin sem eru 55 dB í reglugerð um hávaða vegna umferðar ökutækja nr.724/2008.

Einnig kemur fram að með mótvægisáðgerðum, landmótun og uppbyggingu á hljóðvegg á hluta Ásvallabrautar við Brekkuás fer hljóðstyrkur niður fyrir viðmið reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að háar hljóðmanir við byggð í Furuás og Brekkuás og Tinnuskarð og Völuskarð munu hafa áhrif á ásýnd og landslag svæðanna og því er mikilvægt að vandað verði til hönnunar.


**Frágangur hverfisverndarsvæðis HVa 10**


Stofnunin tekur undir það að unnið verði að aðlögun vegarins að hverfisverndarsvæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur um göngu- og hjólastígakerfi er fram koma í breytingartillögunni.

Umhverfisstofnun minnir á sérstaka vernd nútímahrauns skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 og bendir á mikilvægi þess að hraunum verði raskað eins lítið og kostur er.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur